



Menntaskólinn í Reykjavík

Námsáætlun - Haust 2020 Franska 6.AB (FRAN3MM10)

Kennari: Sigurbjörg Gylfadóttir

Kennslugögn:

- **Saison 1, Méthode de français.**
- **Textes divers.** Ýmsir textar, blaða- og tímaritsgreinar, smásögur, ljóð, lagatextar ofl.
- Kjörbók
- Efni af internetinu
- Málfræðiverkefni og stílar
- Kvikmyndir, sjónvarpsþættir og stuttmyndir
- Mappa / möppur til að safna í aukaefni og skriflegum verkefnum
- Stílabók eða laus línustrikuð blöð.

Kennslulýsing

- Í byrjun munum við ljúka við kennslubókina Saison 1.
- Unnið verður áfram með færniþættina fjóra: munnlega-og skriflega tjáningu og skilning á rituðu og töluðu máli.
- Unnið verður út frá þemum, þar sem fjallað verður um samfélag og menningu frönskumælandi landa, listir og bókmenntir.
- Sjálfstæði nemenda verður aukið í notkun tungumálsins, í öflun upplýsinga og notkun hinna ólíku miðla.
- Orðaforði verður aukinn og þekking sem nýst gæti nemendum í frönskumælandi löndum sem og í framhaldsnámi á Íslandi og erlendis.
- Aukið verður við þekkingu á frönskumælandi bókmenntum með lestri léttlestrabóka, smásagna og ljóða. Farið verður dýpra í texta og efni en áður.
- Unnið verður með rauntexa t.d. blaða- og tímaritsgreinar um efni sem tengist líðandi stundu og áhugasviði nemenda.
- Talmál og skilningur á töluðu máli verða æfð með para- og hópaverkefnum þar sem nemendur munu æfa og flytja stuttar kynningar, samtöl, stutta leikþætti, æfa rökræður og spjalla um ýmis málefni.
- Haldið verður áfram að þjálfa ritfærni og munu nemendur skrifa ritgerðir, blaðagreinar, ljóð, skýrslur um kvikmyndir og annað.
- Farið verður í málfræði eftir þörfum og valin atriði þjálfuð betur
- Til að æfa hlustun og skilning á töluðu máli munum við vinna með efni af Internetinu, horfa á kvikmyndir og hlusta á tónlist.

Athugið!

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öll stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma hlýtur viðkomandi einkunnina 0.



Menntaskólinn í Reykjavík

Námsmat haustmíssis er símat:

Símat:

- 50 % Skrifleg próf og ritanir
- 20 % Munnlegt próf
- 30 % Ástundun og virkni, ýmis skilaverkefni svo sem smærri ritunarverkefni, myndbönd, munnlegar kynningar o.fl.

ATH!

Í ljósi aðstæðna áskilja kennarar sér rétt til að breyta kennsluáætlun og námsmati ef þörf krefur.